


Valver Vínurksóla

Vellíðan og lærdómsgleði

Markmiðið með Valverinu er að nemendum líði vel og fái einstaklingsmiðað nám





Hverjir eru í Valveri?

Nemendur í 8. –10. bekk í Víkurskóla sem þurfa aðlagð námsumhverfi.

Við Valver Víkurskóla eru eitt og hálft stöðugildi kennara og stuðningsfulltrúa og sérgreinakennarar koma inn ef þörf er á.

Nemendafjöldi er breytilegur og hefur verið frá 12 – 23 nemendur eftir árum.




Í Valveri er...

- Öflugt skipulag á námi, samskiptum og kennsluumhverfi
- Minni líkur á árekstrum með skýrum ramma og fyrirsjáanleika
- Unnið markvisst að jákvæðri hegðun


- Innleiddar skýrar og stöðugar venjur

- Einfaldar reglur og traustur rammi
- Unnið að því að efla námsáhuga nemenda
- Lögð áhersla á vellíðan og að vinna á móti:
 - Streitu
 - Kvíða
 - Skólaleiða og forðun




Valver – aðlagð námsumhverfi

- Nemendur sækja sjálfir um eða er boðin dvöl í Valveri.
- Umsóknarferlið er unnið í samstarfi heimilis og skóla.
- Foreldrar skrifa undir sérstakt eyðublað um námið.
- Að jafnaði eru þetta nemendur sem þurfa aðlagð kennsluumhverfi.
- Flestir nemendur eru með greiningar og hafa mismunandi miklar stuðningsparfir.



Námið í Valveri

- Dvöl og fjöldi nemenda er mjög breytilegur – mislangur tími og ólíkar þarfir.
- Allir nemendur hafa einstaklingsmiðaða námskrá og stundaskrá.
- Nemendur geta tekið þátt í kennslu með sínum umsjónarbekk í þeim fögum sem þeir treysta sér til.
- Meginregla:
 - Nemendur fara í ípróttatíma, lotur, lífsleikni og val.
- Það er sameiginleg ákvörðun foreldra, nemanda og kennara hvaða fög nemandinn sækir með árgangi.





Skipulag og nám í daglegu starfi

- Hver dagur byrjar á því að við skoðum hvernig dagurinn er hjá hverjum og einum nemanda, þar sem hver nemandi er með einstaklingsstundaskrá sem er aðlöguð að þörfum nemandans.
- Síðan er yndislestur við lesumí bókum, tímaritum eða notum tölvur og rafbækur.
- Þar eftir vinnum við eftir stundaskrá nemandans.
- Mjög misjafnt er hvernig dagskráin er, en það er reynt að fylgja þeirri reglu að á hverjum degi sé stærðfræði og íslenska.
- Eftir hvern tíma meta nemendur sig sjálfir hvernig gekk og skrifa í dagbók.



Skipulag og nám í daglegu starfi

Hver dagur er einstakur og stundum verðum við að velja okkur verkefni sem hæfa deginum. Veður hefur t.d. áhrif á líðan margra og oft þurfa nemendur að hvíla sig að afloknu góðu verki. Þá er gott að hafa gott kennslurými.




Aðstaða nemenda



Dæmi um dagbók og stundaskrá nemenda


	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:20-9:00	Lestur	Lestur	Heim FÁ/Mynd EÁ	Lestur	
9:00-9:40	Íslenska	Íslenska	Heim FÁ/Mynd EÁ	Stærðfræði	Lífsleik/umsjón
9:40-10:00	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	
10:00-10:40	Smiði/Enska EÁ	Enska/tex EÁ	Lestur	Íþróttir	Íslenska
10:40-11:20	Smiði/Enska EÁ	Enska/tex EÁ	Íslenska	Náttúrufræði	Daglegt líf
11:20-12:00	Íþróttir	Stærðfræði	Stærðfræði	Blöð	Stærðfræði
12:00-12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:30-13:10	Danska	Íþróttir/Lífsleikni	Náttúrufræði	Útivist	Náms/Starfsfr
13:10-13:30	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>	<i>Frimínútur</i>
13:30-14:10		Glerlist FÁ	Léttir réttir EÁ	Forn.ök/skyndi 210	
14:10-14:50		Glerlist FÁ	Léttir réttir EÁ	Forn.ök/skyndi 210	
14:50-15:30		Borgir	Borgir	Borgir	



Umbunarkerfið í Valveri

Skráning og sjálfsmat

- Nemendur skrá í dagbækurnar sínar hvernig gekk eftir hvern tíma og nemendur og kennari meta hvort nemandinn hafi náð markmiðum sínum.
- Í lok dags metum við daginn.
- Nemendur fá límmiða fyrir hvern tíma ef markmiðum hefur verið náð og þegar þeir hafa fengið 8 límmiða geta þeir fengið val.



Valtímar og umbun

Nemendur geta valið sér eitthvað að gera innan svæðis:

1

Lesi

2

Horfa

3

Spila



4

Púsla

5

Perla

6

Lego

7

Vera í símanum

8

Pingpong

9

Og þeir allra
þreyttust
leggja sig



Nám utan skóla



- Nemendur í Valveri eru misjafnlega innstilltir á veru í skóla af ýmsum ástæðum.
- Mikilvægt er að bjóða þessum nemendum upp á nám utan skólans ef þeir vilja og geta.

Atvinnutengt nám:

- Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskólanna í Reykjavík.
- Nemendur velja sér starf eftir áhuga og yfirleitt gengur það mjög vel.
- Nemendur vinna 4 tíma á viku og fá laun frá vinnuskóla Reykjavíkur.


Ávinningur og ánægja:

- Mikil ánægja meðal nemenda og foreldra.
- Verkefnið er gott dæmi um vel heppnað samstarf skóla og atvinnulífs.
- Atvinnutengt nám telst sem valgrein innan skólans.



Allir eru öðruvísi enginn er eins....

- Við reynum við að haga starfi okkar þannig að allir fái að njóta þess að vera í skóla.
- Við reynum að hafa námið fjölbreytt svo að það höfði til allra.
- Við reynum líka að hafa það skemmtilegt, þar sem lífið snýst líka um að njóta samveru við skólafélagana.
-
- Við hvetjum nemendur til að taka þátt í félagslífinu, við erum í góðu samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn og Höllina í Egilshöll.
- Farsæld allra barna skiptir máli og er gott að kynna sér Farsældarþjónustu Reykjavíkur



Mismunandi verkefni eftir áhugasviðum.



Mars er safnamánuður.

Í mars höfum við skoðað Sjóminjasafnið Vík, Árbæjarsafnið, Ljósmyndasafnið og Landnámssýninguna...og fengið frábæra leiðsögn.





Stærðfræði daglegs lífs.



Umhverfisspassinn



Íslenskuverkefni




Uglur

Nemendur í Valveri vinna uglur eins og aðrir nemendur skólans.

Valdar eru uglur úr öllum árgöngum og þær aðlagðar að getu nemenda.

[Linkur á uglusíðu Víkurskóla](#)



Einstaklingsnámsmat

Ekki eru gerðar sömu kröfur til allra nemenda, kröfurnar taka mið af greiningum nemenda.

Lokaeinkunnir eru stjörnumerktar

Dæmi um einstaklingsnámsmat

Hæfniviðmið:

- Unnið er með hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla.

Árangursviðmið:


- Í verkefnum er unnið með árangursviðmið sem eru einstaklingsmiðuð.

Íslenska			
Hæfniviðmið	Árangursviðmið Til að fá B þarf nemandi:	Verkefni/efni	Námsmat
<u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> Framsögn: Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi.	• Kynna verkefni sitt fyrir kennara. • Tala skýrt og skiljanlega.	Draugasaga	C+
Nýting miðla: Nýtt sér fjölbreytta hljóð og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	• Skrá niður aðalatriði úr hlustuninni. • Segja frá með sínum orðum aðalatriðin úr hlustuninni.	Krakkarúv - í ljósi sögunnar	B

Tækni í skólastarfinu


Í Valverinu er mikið lagt upp úr því að nemendur geti nýtt sér tæknina til þess að afla sér upplýsinga, hjálpa sér í námi og í lífinu.

Til dæmis – gervigreind, þýðingarforrit, skriftarforrit, talgervil, lestraröpp.




Líðan kannanir

- Við könnun líðan nemenda og viðhorf foreldra til starfsins 2 sinnum á ári.
- Niðurstöðurnar notum við til að bæta starfið hjá okkur.
- Niðurstöðurnar sýna að þetta úrræði hjálpar mörgum nemendum með að finna sig í náminu og eykur jákvæðni og bætir líðan.



Við viljum:


- að nemendur trúi á sjálfa sig
- að nemendur fari úr Valveri með jákvæða og sterka sjálfsmynd
- að nemendur hafi námslegan grunn sem hægt er að byggja á
- að nemendur viti að þeir eiga alltaf val



Og hvað svo?

- Námsráðgjafi fylgir eftir öllum umsóknum nemenda um framhaldsskóla og eru þeir innritaðir í forinnritun skólanna.
- Gaman er að segja frá því að oftast gengur þessum nemendum vel og eiga ánægulega dvöl í framhaldsskóla.
- Mismunandi er hvort þeir innritast á almennar brautir eða sérnámsbrautir.
- Útskrifaðir nemendur heimsækja okkur reglulega og gaman er að fylgjast með hvernig gengur.
- Útskrifaðir nemendur úr Valveri eru nú komnir vel yfir hundrað.







Nemendur spyrja oft “Af hverju er ekki svona í öllum skólum?”

